



Viðmiðunarreglur um skammtímaleyfi í skólum Norðurþings

Markmið með reglum þessum er að lágmarka röskun á skólastarfi vegna persónulegra leyfa kennara og annars starfsfólks skóla.

Sæki starfsmaður skóla um persónulegt leyfi frá störfum, skal hann afhenda skólastjóra rökstudda beiðni á þar til gerðu eyðublaði.

Um persónuleg leyfi gildir eftirfarandi:

Veitt eru að hámarki tvö persónuleg leyfi á skólaári í allt að fimm daga samtals. Beiðnin skal berast skólastjóra með a.m.k. mánaðar fyrirvara svo að unnt sé að fjalla um hana með eðlilegum hætti og samþykkja eða hafna áður en fyrirhugað leyfi hefst.

Það er háð mati skólastjóra hvort leyfi sé veitt en skilyrði fyrir leyfisveitingu er að forföll sé hægt að leysa innan deildar eða teymis.

Almennt er ekki gert ráð fyrir að starfsmenn vinni upp í leyfi, skólastjóri getur þó heimilað slíkt enda þjóni það hagsmunum skólans og nemenda hans. Vinnu upp í leyfi þarf að vera unnin áður en leyfi hefst.

Vinnuskipti starfsmanna eru óheimil nema undir umsjón skólastjórnenda, ganga verður formlega frá leyfum og afleysingum vegna leyfa.

Koma skal fram í beiðni hvort sótt er um:

- Orlof
- Launalaust leyfi
- Vinnu upp í leyfi
- Vinnuskipti

Samþykki skólastjóri leyfi umfram fimm daga á starfstíma skóla eru þau leyfi alltaf launalaus.

Skólastjórum ber að halda yfirlit yfir leyfisbeiðnir